

Föstudaginn 27. febrúar 1981.

Nr. 80/1979. **Birgir Guðjónsson**
(Jón Finnsson hrl.)

gegn

nefnd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56 27. apríl 1973 um heilbrigðisþjónustu, þeim Ólafi Ólafssyni, Guðmundi Jóhannesyni og Þorvaldi Veigari Guðmundssyni, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins og til réttargæslu Þórði Harðarsyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

og

nefnd samkvæmt 33. gr. 1. mgr. laga nr. 56 27. apríl 1973 um heilbrigðisþjónustu, þeir Ólafur Ólafsson, Guðmundur Jóhannesson og Þorvaldur Veigar Guðmundsson, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytis og Þórður Harðarson

gegn

Birgi Guðjónssyni.

Stjórnsýsla. Umsögn um stöðuveitingu. Áfrýjun.
Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1979. Dómkröfur hans eru þessar:

1. Að álitserð stöðunefndar frá 28. október 1976 um hæfni umsækjenda um stöðu yfirlæknis lyflæknisdeildar Borgarspítalans í Reykjavík verði felld úr gildi að því er varðar þá staðhæfingu nefndarinnar: „Allir eru þeir viðurkenndir sér-

fræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein. Þeir teljast allir hæfir til að gegna umræddri stöðu.“

2. Að röðum stöðunefndar á umsækjendum um framan- greinda stöðu verði dæmd ómerk.

3. Að dæmt verði, að fullyrðing stöðunefndar í bréfi, sem hún reit heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu 9. des- ember 1976 í framhaldi af álitsgerð sinni, um, að Þórður Harðarson sé sérfræðingur í lyflækningum, sé röng.

4. Að stefndu verði gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda, Þórði Harðarsyni, gerir að- aláfrýjandi engar kröfur.

Gagnáfrýjandi heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 11. maí 1979. Útivist varð af hans hendi 1. október 1979. Áfrýjaði hann málinu að nýju 2. s. m. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Aðrir gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 30. apríl 1979. Dómkröfur gagnáfrýjenda eru þessar: Aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinn áfrýjaði sýknudómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Gagnáfrýjandanum Þórði Harðarsyni var ekki stefnt til varnaraðildar fyrir héraðsdómi, og ekki gekk hann inn í mál- ið í héraði, þó að hann krefðist ómaksbóta sér til handa fyrir héraðsdómi. Honum er því hvorki heimil áfrýjun málsins sem sakaraðilja í héraði né af öðrum ástæðum. Ber því að vísa áfrýjun hans frá Hæstarétti.

II.

Nefnd sú, sem starfar eftir 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56/ 1973 um heilbrigðisþjónustu, hefur það hlutverk að meta hæfni umsækjenda um ýmsar læknisstöður, eins og nánar

segir í lögnum. Kröfur aðaláfrýjanda varða ummæli nefndarinnar í slíkri lögboðinni umsögn, og er þeim því réttilega að nefndinni beint, eins og hún var skipuð á þeim tíma, er hún lét uppi umsögn sína.

III.

Gagnáfrýjendur styðja frávísunarkröfu sína þeim rökum, að álitssgerð nefndarinnar um hæfni umsækjenda um stöðu yfirlæknis við lyflækningadeild Borgarspítalans í Reykjavík sé sérfræðileg álitssgerð, sem ekki sé á færi manna án sérfræðilekkingar að dæma um. Verði mál þetta, svo sem það er vaxið, því ekki borið undir dómstóla. Enn fremur sé mála-tilbúnaður aðaláfrýjanda með þeim hætti, að andstætt sé 67. gr. laga nr. 85/1936, þar sem í raun rétttri sé leitað álitss dómstóla á því lögfræðilega atriði, hvort nefndin hafi farið að lögum, án þess að þetta sé tengt ákveðinni dómkröfu um rétt aðaláfrýjanda til handa. Loks er frávísunarkrafan á því reist, að borgarstjórn Reykjavíkur og stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar eigi óskipta sakaraðild í málinu með gagnáfrýjendum. Þar sem þessum aðiljum hafi ekki verið stefnt í málinu, beri að vísa því frá dómi samkvæmt ákvæðum 46. gr. laga nr. 85/1936. Gagnáfrýjendur höfðu uppi frávísunarkröfu byggða á sömu röksemdum fyrir héraðsdómi, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 13. nóvember 1978.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu ekki framangreindum úrskurði héraðsdómara, er þeir gagnáfrýjuðu hinum áfrýjaða dómi. Ómerkingar- og frávísunarkrafa þeirra er samkvæmt framangreindu reist á ástæðum, sem sjálfkrafa leiða til frávísunar málsins, ef réttar eru. Koma þær því eigi að síður til álitss hér fyrir dómi.

Það er að vísu ekki á valdi dómstóla að hnekkja hinni sérfræðilegu álitssgerð stefndu með því að meta sjálfstætt hæfni umsækjenda til að gegna þeirri stöðu, sem um var að tefla. Þetta skýtur þó ekki loku fyrir, að dómstólar geti dæmt um, hvort stefndu hafi farið að lögum í dómnefndarstarfi sínu, þar á meðal hvort ummæli þeirra í nefndarálitinu hafi haft

nægan lagagrundvöll. Leiðir 66. gr. laga nr. 85/1936 því ekki til ómerkingar héraðsdóms og frávísunar málsins frá dómstólum.

Af málflutningi og kröfugerð aðaláfrýjanda má að vísu ráða, að hann leitar úrlausnar dómstóla um lagaatriði, sem varða starfsgengi Þórðar Harðarsonar í stöðu yfirlæknis á lyflækningadeild Borgarspítalans, sem hann var ráðinn til að gegna, án þess þó að bein dómkrafa sé gerð um, að þeirri ráðningu sé hnekt. Allt um það þykja kröfur aðaláfrýjanda ekki með því marki brenndar, að vísa beri þeim í heild frá dómi vegna ákvæða 67. gr. laga nr. 85/1936. Verður héraðsdómur því ekki ómerktur og málinu vísað frá dómstólum af þeirri ástæðu, sem hér er um fjallað.

Loks verður ekki á það fallist með gagnáfrýjendum, að 46. gr. laga nr. 85/1936 eigi við í máli þessu. Verður héraðsdómur því ekki heldur ómerktur og málinu vísað frá bæjarþingi af þeirri ástæðu.

IV.

Um 1. kröfulið: Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, leiðréttu nefndarmenn, löngu áður en málssókn þessi hófst, þau ummæli sín, að allir umsækjendur um yfirlæknisstöðuna hefðu tvenns konar sérfræðingsviðurkenningu í lyflækningum. Eru þegar af þeirri ástæðu ekki skilyrði til að sinna kröfu aðaláfrýjanda um, að hin upphaflegu ummæli skuli nú úr gildi felld með dómi. Að öðru leyti varða ummæli þau, sem hér greinir, sama atriði og 3. kröfuliður aðaláfrýjanda. Verða gagnáfrýjendur því sýknaðir að því er til þeirra tekur af sömu ástæðum og greint er um þann kröfulið.

Um 2. kröfulið: Með skírskotun til þess, sem segir í héraðsdómi um þennan kröfulið, þykir nefndinni hvorki hafa verið óheimilt að lögum að skipa umsækjendum í röð eftir hæfni né heldur hefur verið sýnt fram á, að hún hafi skipað umsækjanda, sem ekki hafi fullnægt lögsmæltum skilyrðum til að gegna stöðunni, ofar en aðaláfrýjanda. Verður héraðsdómur því staðfestur að þessu leyti.

Um 3. kröfulið: Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um

þennan þátt dómkrafna með skirskotun til forsendna héraðs-dóms.

Þar sem kröfum aðaláfrýjanda er samkvæmt framansögðu þannig háttað, að þær verða eigi að neinu leyti teknar til greina, er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um það, hvort lagagrundvöllur hafi verið fyrir því að beina málssókn þessari að heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra, svo sem aðaláfrýjandi hefur gert.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 6.000.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er tekur til áfrýjunar Þórðar Harðarsonar.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en um málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Birgir Guðjónsson, greiði gagnáfrýjendum, nenfd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu, þeim Ólafi Ólafssyni, Guðmundi Jóhannessyni og Þorvaldi Veigari Guðmundssyni, og heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra f. h. heilbrigðis- tryggingarmálaráðuneytisins, samtals 6.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. febrúar 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 29. f. m., hefur Birgir Guðjónsson læknir, Álftamýri 51, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. og 25. janúar 1978, á hendur:

- a) Stöðunefnd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56 27. apríl 1973 (nú lög nr. 57/1978) um heilbrigðismál, þeim Ólafi Ólafssyni landlækni, Grenimel 38, Reykjavík, Guðmundi Jóhannessyni lækni, Sigluvogi 4, Reykjavík, og Þorvaldi Veigar Guðmundssyni lækni, Hlíðarvegi 28, Kópavogi,

- b) Matthíasi Bjarnasyni heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra, Tjaldanesi 5, Garðabæ, f. h. heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins
- c) og til réttargæslu Þórði Harðarsyni lækni, Efstalandi 16, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að álitssgerð stöðunefndar frá 28. október 1976 um hæfni umsækjenda um stöðu yfirlæknis lyflæknisdeildar Borgarspítalans í Reykjavík verði felld úr gildi að því er varðar þá staðhæfingu nefndarinnar: „Allir eru þeir viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein. Þeir teljast allir hæfir til að gegna umræddri stöðu.“
2. Að röðun stöðunefndar á umsækjendum um framangreinda stöðu verði dæmd ómerk.
3. Að dæmt verði, að fullyrðing stöðunefndar í bréfi, sem hún reit heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu 9. desember 1976 í framhaldi af álitssgerð sinni, um, að Þórður Harðarson sé sérfræðingur í lyflækningum, sé röng.
4. Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi hefur ekki gert neinar kröfur á hendur réttargæslustefnda, Þórði Harðarsyni.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Réttargæslustefndi krefst ómaksbóta úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Með auglýsingu, dagsettri 4. maí 1976, auglýsti stjórn sjúkrafstofnana Reykjavíkurborgar stöðu yfirlæknis við lyflækningadeild Borgarspítalans lausa til umsóknar. Í auglýsingunni segir m. a.: „Umsækjendur skulu vera sérfræðingar í lyflækningum.“

Sex lækningar sóttu um stöðuna, og var stefnandi einn þeirra. Samkvæmt 33. gr. laga nr. 56 27. apríl 1973 um heilbrigðismál (nú 31. gr., 1. t.l., laga nr. 57/1978) fékk stöðunefnd umsóknirnar til umsagnar, en nefndina skipuðu þrír lækningar, þeir sem tilgreindir eru undir a lið í stefnu. Stöðunefnd skilaði álitssgerð um umsækjendur, dags. 28. október 1976, til stjórnar sjúkra-

stofnana Reykjavíkurborgar. Í álitserðinni segir m. a.: „Saman-
tekt: Allir umsækjendur hafa fremur litla stjórnunarreynslu og
enginn þeirra gegnt fastri yfirlæknisstöðu. Allir eru þeir viður-
kenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein.
Þeir teljast allir hæfir til að gegna umræddri stöðu.

Að höfðu samráði við tvo sérfræðinga í lyflækningum hefur
stöðunefnd ákveðið að raða umsækjendum eftir hæfni þeirra til
að gegna yfirlæknisstöðu á lyflækningadeild Borgarspítalans.“

Umsækjendum var síðan raðað í töluröð. Er réttargæslustefnda,
Þórði Harðarsyni, raðað í fyrsta sæti, en stefnanda í fimmta eða
næstsíðasta sæti.

Um mánaðamótin október/nóvember 1976 fékk stefnandi vitn-
eskju um röðun stöðunefndar á umsækjendum. Hinn 3. nóvember
1976 ritar stefnandi stjórn Borgarspítalans svofellt bréf:

„Úrskurður dómnefndar um hæfni mína í stöðu yfirlæknis við
Lyflækningadeild Borgarspítalans, samanber niðurröðun umsækj-
enda, kom mér mjög á óvart. Þótt ég álíti úrskurðinn mjög ósann-
gjarnan, gerir hann umsókn mína fáránlega, og óska ég því eftir
að draga hana til baka.“

Hinn 10. nóvember 1976 var haldinn fundur í lækna ráði Borgar-
spítalans. Í fundargerð segir, að komið hafi fram fyrirspurn varð-
andi auglýsinguna um yfirlæknisstöðuna. Um þetta er svofelld
bókun: „Kom fram, að þar var auglýst eftir lækni, sem skyldi
vera sérfræðingur í lyflækningum, en ekki tekið til nánar varð-
andi undirsérgrein. Fram kom einnig fyrirspurn varðandi einn
umsækjanda, Þórð Harðarson, hvort hann hefði öðlast viður-
kenningu í hjartalækningum. Svaraði Örn Smári því til, að hann
vissi ekki betur en að umræddur umsækjandi væri einnig sér-
fræðingur í lyflækningum.“

Örn Smári Arnaldsson var formaður stöðunefndar Borgar-
spítalans, sem viku fyrir fund þennan hafði fjallað um umsókn-
irnar um yfirlæknisstöðuna og greitt atkvæði um þrjá fyrstu
umsækjendurnar. Af samhengi þessarar bókunar, telur stefnandi
ljóst, að formaður stöðunefndar Borgarspítalans hafi staðið í
þeirri trú, eftir að sú stöðunefnd hafði afgreitt umsóknirnar og
tveimur dögum áður en stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar
réð réttargæslustefnda, Þórð Harðarson, sem yfirlækni, að Þórð-
ur væri sérfræðingur í almennum lyflækningum.

Á grundvelli þessarar umsagnar stöðunefndar samkvæmt 33.
gr., 1. mgr., laga nr. 56 27. apríl 1973 um heilbrigðismál og lækna-
ráðs Borgarspítalans samþykkti stjórn sjúkrastofnana Reykja-

víkurborgar hinn 12. nóvember 1976 að ráða Þórð Harðarson til starfans frá 1. janúar 1977 að telja. Hinn 16. nóvember 1976, degi eftir að stefnandi hafði átt þess kost að sjá álitssgerð stöðunefndar, ritaði hann stjórn Borgarspítalans í Reykjavík á ný og mótmælti niðurstöðum og vinnubrögðum nefndarinnar og tilkynnti, að hann mundi kæra til ráðherra og krefjast endurmats á umsækjendum.

Sama dag ritaði stefnandi heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra ítarlegt bréf, þar sem hann bendir á, að í álitssgerð stöðunefndar sé ranglega slegið föstu, „Allir eru þeir viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein.“ Þetta sé rangt að því er réttargæslustefnda, Þórð Harðarson, varði, þar eð hann hafi aðeins reynslu og sérfræðiviðurkenningu í einni undirgrein lyflækisfræðinnar og forsendur og úrskurður stöðunefndar hafi því verið rangur. Hér hafi átt sér stað svo alvarleg mistök, að varða ætti ógildingu álitssgerðarinnar í heild að dómi stefnanda. Þá rökstyður stefnandi staðhæfingu sína um óvönduð vinnubrögð nefndarinnar og leitast við að sýna fram á, að hún hafi ekki verið í aðstöðu til að raða umsækjendum eftir hæfni á grundvelli þeirra gagna, sem hún byggir á, auk þess sem nefndin seilist til óeðlilegra áhrifa á veitingarvaldshafann með því að raða umsækjendum niður.

Kæra stefnanda var send stöðunefnd til umsagnar, og svaraði hún framkominni gagnrýni á störf sín með bréfi til ráðuneytisins, dags. 9. desember 1976. Í bréfi þessu gefur stöðunefnd eftirfarandi útskýringar á orðalaginu í álitssgerð sinni frá 28. október 1976: „Allir eru þeir (umsækjendur) viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein. Hið rétta er, að fimm eru sérfræðingar í almennum lyflækningum og einni undirgrein, en sá sjötti (Þórður Harðarson) er sérfræðingur í lyflækningum, þ. e. hjartasjúkdómum, en hefur ekki hlotið sérfræðiviðurkenningu í almennum lyflækningum. Þetta er villa í framsetningu, sem augljóslega kemur fram af umsóknargögnum, en þau gögn höfðu bæði stöðunefnd og aðrir aðilar, sem um málið hafa fjallað. Stöðunefnd var fullljóst, þegar hún raðaði umsækjendum, hvaða sérfræðingsviðurkenningu þeir höfðu.“

Þá kemur enn fremur fram í þessu bréfi stöðunefndar, að stöðunefnd Borgarspítalans hafi ekki gert kröfu til þess að fá mann með sérfræðingsréttindi í almennum lyflækningum, þar sem orðið almennur hafi verið strikað út úr uppkasti að auglýsingunni.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í álitsgerð stöðunefndar felist mikið vanmat á sérfræðiviðurkenningu í almennum lyflækningum og þeirri starfsreynslu, sem að baki henni liggi. Þá hafi stöðunefnd enn fremur gert sig seka um ranga og villandi notkun á starfsheiti í umræddu bréfi frá 9. desember 1976 til heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins, þegar hún segi, „en sá sjötti (Þórður Harðarson) er sérfræðingur í lyflækningum, það er hjartasjúkdómum . . .“. Þórður Harðarson sé samkvæmt rétttri skilgreiningu sérfræðingur í hjartalækningum og hafi hinn 7. mars 1975 fengið útgefið leyfisbréf til þess að mega kalla sig sérfræðing í hjartalækningum og starfa sem slíkur.

Að fenginni umsögn stöðunefndar ritaði ráðuneytið stefnanda hinn 28. desember 1976. Í því bréfi viðurkennir ráðuneytið, að „Stöðunefnd hefur ekki sýnt nægilega nákvæmni, þegar hún í upphaflegri greinargerð sinni skýrði frá sérfræðiviðurkenningum umsækjenda, því að þar var sagt, að allir væru þeir viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein, en hið rétta var samkv. gögnum, að fimm voru sérfræðingar í almennum lyflækningum með einni undirgrein, en hinn sjötti sérfræðingur í lyflækningum, það er að segja hjartasjúkdómum.“ Hér telur stefnandi ráðuneytið hafa fallið í sömu gryfju og stöðunefnd, er það segi sjötta umsækjandann sérfræðing í lyflækningum, þ. e. a. s. hjartalækningum.

Þá kemur fram í bréfi ráðuneytisins, að nokkuð hafi verið deilt um það, hvort stöðunefnd eigi að raða umsækjendum eftir hæfni. Ráðuneytið líti svo á, að stöðunefnd sé þetta heimilt, en taldi hins vegar, að vafasamt væri að gera upp á milli umsækjenda í númeraröð, nema um mjög verulegan mun sé að ræða að mati nefndarinnar. Ráðuneytið taldi hins vegar, að ekkert hefði komið fram um það, að stöðunefnd hefði sýnt hlutdrægni í starfi, og ekki verði annað séð en að nefndin hafi starfað af faglegri kunnáttu og vandvirkni að viðfangsefni sínu. Ráðuneytið taldi því ekki ástæðu til þess að ómerkja álitsgerð stöðunefndar, þar sem kröfur stefnanda væru ekki studdar rökum.

Hinn 9. maí 1977 sendir stefnandi heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra kröfugerð ásamt ítarlegri greinargerð og fylgiskjöllum. Þótt kröfugerð hafi verið breytt í þessu dómsmáli, þykir rétt að rekja gang málsins í aðalatriðum. Kröfur stefnanda voru þessar:

„að ráðuneytið felldi úr gildi með formlegum úrskurði álit stöðunefndar frá 28. október 1976 um hæfi umsækjenda,

að nýrri nefnd yrði falið að fjalla um hæfi umsækjenda á grundvelli þeirra gagna, sem nú lögju fyrir, og í samræmi við lög,

að ráðuneytið beitti sér fyrir því sem æðsti handhafi heilbrigðismála, að ráðning Þórðar Harðarsonar í stöðu yfirlæknis Borgarspítalans yrði felld úr gildi“ (sic).

Í greinargerðinni til ráðuneytisins er m. a. gerð grein fyrir því, á hvern hátt læknar öðlist sérfræðiviðurkenningu í lyflækningum á Norðurlöndum, Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada, svo og meginreglum, sem umsagnaraðiljar á Norðurlöndum starfi eftir við mat á hæfni umsækjenda um stöðu. Heldur stefnandi því fram, að stöðunefndin hafi við mat á starfshæfni hans ekki einungis brotið gegn þeim grundvallarreglum, sem byggt sé á í helstu viðmiðunarlöndum okkar, heldur einnig þeim meginreglum, sem nefndin sjálf hafi sett sér og birt opinberlega og tækju mið af sænsku stöðureglunum. Niðurstöður stefnanda eru í stuttu máli þær, að í öllum framangreindum löndum mundi sérfræðiviðurkenning í almennri lyflæknisfræði vera skilyrði fyrir skipun í stöðu yfirlæknis á almennri lyflækningadeild í stóru deildarskiptu sjúkrahúsi og starfsreynsla á viðkomandi sviði vegið þyngra við mat á hæfni en vísindastörf, öfugt við það, sem stöðunefndin virðist telja.

Jafnframt ritaði stefnandi borgarstjórn Reykjavíkur 9. maí 1977 og gerði kröfu til þess, að ráðning Þórðar Harðarsonar í stöðu yfirlæknis lyflækningadeildar Borgarspítalans yrði felld úr gildi. Borgarráð vísaði málinu til umsagnar borgarlögmans, er komst að þeirri niðurstöðu, að varla kæmi til álita, að borgarstjórn væri heimilt, hvað þá skylt, að fella úr gildi ráðningu Þórðar Harðarsonar í stöðu yfirlæknis við lyflækningadeild Borgarspítalans.

Borgarráð féllst á umsögn borgarlögmans og tilkynnti stefnanda niðurstöðu sína með bréfi 17. ágúst 1977.

Hinn 21. september 1977 svaraði heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið kæru stefnanda frá 9. maí s. á. og tjáði honum, að það teldi sig ekki geta gripið inn í ráðstöfun stöðu, nema miklir form- eða efnisgallar teldust vera á ráðningunni, en um það væri ekki að ræða.

Að því er varðaði ómerkingu umsagnar stöðunefndar tók ráðuneytið fram í bréfi sínu, að það teldi sig ekki hafa vald til þess að ómerkja hana. Lagði ráðuneytið áherslu á, að álitserð stöðunefndar og röðun hennar eftir hæfni væri ekki bindandi fyrir

heilbrigðisýfirvöld á annan hátt en þann, að þau megi ráða hvern þann, sem nefndin telur hæfan, og það eins þótt nefndin raði honum síðustum. Þá segir í bréfi ráðuneytisins, að enda þótt álit stöðunefndar, að Þórður Harðarson sé „lyflæknir“, væri efnislega rangt, eins og stefnandi haldi fram, þá sé það álit ekki bindandi fyrir stjórn spítalans. Sama gildi um röðun stöðunefndar. Þótt röðunin kunni í umræddu tilfelli að hafa byggst á umdeilanlegum forsendum, sé það samt sem áður ekki á valdi ráðuneytisins að hnekkja þeirri ákvörðun, sem ráðningaraðilinn hafi tekið. Ráðuneytið hafnaði sem sagt öllum kröfum stefnanda í bréfi hans frá 9. maí 1977.

Er stefnanda tókst eigi að fá framgengt sínum kröfum með málskoti til stjórnvalds, höfðaði hann mál þetta með kröfugerð, svo sem rakið er í upphafi dómsins.

Röksemdir málsaðilja.

Um 1. kröfulið:

Stefnandi rökstyður dómkröfu sína samkvæmt þessum lið með því, að umsagnir og álitssgerðir stöðunefndar skipti miklu máli og geti haft úrslitaáhrif um veitingu stöðu. Miklu varði því, að vel sé til þeirra vandað, ekki aðeins vegna þeirra áhrifa, sem umsagnir hafi á persónulega hagi umsækjanda, heldur einnig vegna þeirra, sem stöðuna eigi að veita, og síðast, en ekki síst, í þessu tilviki, vegna sjúklinganna.

Stefnandi telur ljóst, að hann eigi hagsmuna að gæta varðandi kröfugerð í þessu máli, enda þótt hann hafi dregið umsókn sína til baka, því að stöðunefnd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56 frá 27. apríl 1973 (nú lög nr. 57/1978) hafi verið búin að meta hæfni hans, er hann dró umsókn sína til baka. Stöðunefnd hafi farið rangt með sérfræðiviðurkenningu umsækjandans Þórðar Harðarsonar í álitssgerð sinni og rangtúlkað hana fyrir ráðuneytinu, þar sem þessi umsækjandi sé sérfræðingur í hjartalækningum, en ekki sérfræðingur í almennum lyflækningum eða lyflækningum samkvæmt rétttri skilgreiningu.

Af þessu leiði, að mat stöðunefndar á hæfni þessa umsækjanda sé efnislega rangt, þar sem hann sé ekki hæfur samkvæmt 33. gr., 4. mgr., laga nr. 56/1973 til þess að gegna stöðu yfirlæknis á almennri lyflækningadeild í deildaskiptu sjúkrahúsi miðað við menntun hans, eðli starfars og almenn efnisrök.

Stefndu byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili þessa máls, þar sem hann hafi dregið

umsókn sína um yfirlæknisstöðuna til baka, áður en hún hafi verið veitt.

Þá benda stefndu á það, að dómkrafa stefnanda fái eigi staðist, þar sem stöðunefnd hafi þegar breytt álitinu, hvað þennan kröfulið snertir, á þann hátt, að Þórður Harðarson læknir sé sérfræðingur í lyflækningum, en ekki í almennum lyflækningum, sbr. nánar bréf stöðunefndar, ritað 9. desember 1976, til heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins. Því sé þarflaust að ógilda þetta atriði álitserðar stöðunefndar frá 28. október 1976, þar sem nefndin hafi þegar gert það sjálf.

Þá halda stefndu því einnig fram, að stöðunefnd hafi í hvívetna farið að réttum lögum í störfum sínum. Í málinu hafi ekki verið sýnt fram á, að stöðunefnd hafi brotið af sér. Þvert á móti sé ljóst, að stöðunefndin hafi unnið verk sitt af alúð og hún hafi neytt úrræða, sem fyrir hendi voru, meðal annars heimildar í 33. gr. laga nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu, að kveðja sér til ráðuneytis tvo sérfræðinga. Þetta hafi þó eigi verið skylt lögum samkvæmt. Einnig hafi málið verið lagt fyrir lækna ráð Borgarsjúkrahússins. Allt beri að sama brunni hjá þessum aðiljum um mat á hæfni umsækjenda. Þá minna stefndu á, að auglýst hafi verið staða yfirlæknis við lyflækningadeild Borgarspítalans og tekið fram, að umsækjendur skyldu vera sérfræðingar í lyflækningum. Lögð hafi verið áhersla á það í auglýsingunni, að umsækjendur létu fylgja umsókn rækileg gögn um vísindastörf, ritsmíðar og rannsóknir, námsferil auk starfa. Veitingarvaldið hafi að sjálfsögðu rétt til þess að kveða nánar á um þau skilyrði, sem það telji, að umsækjandi verði að fullnægja til að fá stöðuna, og enn fremur hafi það vald til að ákveða, hvaða kosti það telur, að helst eigi að prýða umsækjendur. Þannig sé í auglýsingunni sérstaklega lögð áhersla á vísindastörf, ritsmíðar og rannsóknir og þessir kostir taldir upp á undan störfunum, sem sýni, að stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar hafi verið á höttunum eftir manni, sem hefði meðal annars lagt fyrir sig vísindastörf, ritsmíðar og rannsóknir.

Eins og fyrr getur í dóminum, var stefnandi einn umsækjenda um starf yfirlæknis lyflækningadeildar Borgarspítalans í Reykjavík. Stöðunefnd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56 frá 27. apríl 1973 skilaði álitserð hinni 28. október 1976 um hæfni umsækjenda til starfans. Í þeirri álitserð kemur fram umsögn stöðunefndar um hæfni stefnanda til að gegna fyrrgreindri stöðu. Stefnandi telst því hafa lögvarinna hagsmuna að gæta varðandi

það, hvað segir í álitssgerð þessari um umsækjendur, enda þótt hann hafi síðar dregið til baka umsókn sína um starfið. Verður því að telja, að stefnanda hafi verið rétt að höfða mál þetta og hann sé því réttur aðili að þeirri kröfu, sem hér er til álita.

Staðhæfing sú, er stefnandi krefst, að felld verði úr álitssgerð stöðunefndar frá 28. október 1976, er svohljóðandi:

„Allir eru þeir viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein. Þeir teljast allir hæfir til að gegna umræddri stöðu.“

Í bréfi, sem stöðunefnd ritar heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu 9. desember 1976 sem umsögn um bréf stefnanda til heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra, dags. 16. nóvember 1976, þar sem stefnandi gagnrýnir vinnubrögð og álitssgerð stöðunefndar varðandi umsækjendur um yfirlæknisstöðu lyflækningadeildar Borgarspítalans, gerir stöðunefnd eftirfarandi leiðréttingu á álitssgerð sinni frá 28. október 1976:

„Í greinargerð stendur: Allir eru þeir (umsækjendur) viðurkenndir sérfræðingar í lyflækningum ásamt einni undirgrein. Hið rétta er, að fimm eru sérfræðingar í almennum lyflækningum og einni undirgrein, en sá sjötti (Þórður Harðarson) er sérfræðingur í lyflækningum, þ. e. hjartasjúkdómum, en hefur ekki hlotið sérfræðiviðurkenningu í almennum lyflækningum. Þetta er villa í framsetningu, sem augljóslega kemur fram af umsóknargögnum, en þau gögn höfðu bæði stöðunefnd og aðrir aðilar, sem um málið hafa fjallað. Stöðunefnd var fullljóst, þegar hún raðaði umsækjendum, hvaða sérfræðingsviðurkenningu þeir höfðu.“

Eins og fram kemur í þessu umsagnarbréfi stöðunefndar til heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra hinn 9. desember 1976, hefur stöðunefnd þegar leiðrétt hina umstefndu missögn. Leiðrétting þessi átti sér stað rúmu ári áður en mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 24. og 25. janúar 1978. Verður því eigi talið, að stefnandi eigi lögvarða kröfu til þess að fá hin umstefndu ummæli nú felld úr gildi með dómi. Þessi fyrsta dómkrafa stefnanda er því eigi tekin til greina.

Um 2. dómkröfu:

Undir þessum kröfufilið gerir stefnandi kröfu til þess:

„Að röðun stöðunefndar á umsækjendum um framangreinda stöðu verði dæmd ómerk.“

Kröfu þessa rökstyður stefnandi með því, að röðun umsækjenda eftir hæfni í töluröð hafi verið efnislega röng og formlega

ólögleg. Hún sé efnislega röng vegna þess, að nefndin hafi farið langt með sérfræðiheiti Þórðar Harðarsonar, auk þess sem nefndin virðist ekki gera sér grein fyrir gildi meginverðleika stefnanda né þeirrar viðurkenningar, sem honum hafi hlotnast á starfsferli sínum, en byggji á gögnum, þar sem mjög hallast á um upplýsingar um umsækjendur. Röðunin sé formlega röng, þar sem 33. gr. laga nr. 56/1973 mæli einungis fyrir um umsögn um hæfni umsækjenda. Beri því að líta svo á, að röðun sé bönnuð, að minnsta kosti í þeim mæli, sem hér hafi verið beitt. Við mat á hæfni umsækjenda hafi stöðunefnd þverbrotið þær meginreglur, sem hún hafi sjálf sett sér og almennt séu viðurkenndar meðal nágrannabjóða.

Stefndu rökstyðja sýknukröfu sína gegn þessum kröfulið með því að benda á, að samkvæmt 33. gr. laga nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu beri stöðunefnd að meta hæfni umsækjenda um þar tilgreindar stöður. Veitingarvaldshafar séu ekki bundnir af álitni nefndarinnar á annan hátt en þann, að eingöngu megi veita stöðu þeim, sem nefndin álitni hæfan. Röðun á umsækjendum skipti hér engu máli. Hins vegar hafi stöðunefnd jafnan haft þann hátt á að raða umsækjendum í hæfnisröð, þeim, sem hún á annað borð hafi talið hæfa. Hér sé fyrst og fremst um vinnureglu nefndarinnar að ræða. Telja stefndu það út í hött, að röðun þessi verði dæmd ómerk, þar sem hún ein sér hafi engin áhrif að lögum. Benda stefndu á, að stöðunefnd séu ekki settar neinar starfsreglur í lögum nr. 56/1973. Hljóti því vinnubrögð nefndarinnar að mótast mjög af venjum. Aldrei verði unnt að koma í veg fyrir, að stöðunefnd meti reynslu eins meiri en annars, svo dæmi sé tekið, þótt slíkt verði ekki gert með beinni röðun. Væri það hastarlegt, ef nefndinni væri dæmt óheimilt að starfa á annan veg en þann, að allir umsækjendurnir væru á sömu bókina, teldust þeir hæfir.

Samkvæmt 33. gr., 1. tl., laga nr. 56 frá 27. apríl 1973 skipar ráðherra þrjá lækna í nefnd, „er metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, . . .“. Í þessum lögum eru nefnd þessari engar starfsreglur settar um það, með hverjum hætti hún skuli meta hæfni umsækjenda. Ekki hefur heldur verið sett reglugerð um þetta efni hér á landi. Þegar þetta er haft í huga, verður að telja, að stöðunefnd hafi verið heimilt að raða umsækjendum um stöðuna svo sem hún gerði. Röðunin verður því ekki dæmd ómerk vegna þess, að hún sé formlega röng samkvæmt 33. gr. laga nr. 56 frá 27. apríl 1973 um heilbrigðisþjón-

ustu, enda hefur það verið venja stöðunefndar, og breyta erlendar reglur í þessum efnum hér engu um.

Eins og fyrr er getið, byggir stefnandi kröfu sína um ómerkingu á röðun umsækjenda á því, að röðunin sé í annan stað efnislega röng, þar sem stöðunefnd hafi farið rangt með sérfræðiheiti umsækjandans Þórðar Harðarsonar, því að hann sé sérfræðingur í hjartalækningum, en ekki sérfræðingur í almennum lyflækningum eða lyflækningum samkvæmt rétttri skilgreiningu.

Í reglugerð nr. 39 frá 19. mars 1970 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa, 4. gr., segir, að veita megir sérfræðileyfi í tilteknum greinum læknisfræði að loknu sérnámi, og eru síðan taldar upp í greininni margar greinar læknisfræðinnar, þar á meðal undir X. lyflækningar. Lyflækningum er þar skipt í tvo flokka, í fyrsta lagi almennar lyflækningar, og í öðru lagi er tekið fram, að veita megir sérfræðileyfi í hliðargreinum lyflæknisfræði, svo sem í hjartalækningum o. s. frv., enda sé fullnægt ákveðnum skilyrðum, sem sett eru fram í grein þessari.

Samkvæmt þessu reglugerðarákvæði, sem sett er með heimild í 2. og 5. gr. læknalaga nr. 80 23. júní 1969, falla bæði almennar lyflækningar og hliðargreinar lyflæknisfræði, svo sem hjartalækningar undir „Lyflækningar“.

Margnefnd stöðunefnd hefur kallað umsækjandann Þórð Harðarson sérfræðing í lyflækningum, og verður að telja það heimilt samkvæmt 4. gr., X. lið, reglugerðar nr. 39 19. mars 1970 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

Röðun stöðunefndar á umsækjendum verður því heldur eigi dæmd ómerk vegna þess, að hún hafi verið efnislega röng.

Annar kröfuliður stefnanda er því heldur eigi tekinn til greina.

Um 3. kröfulið:

Undir þessum kröfulið gerir stefnandi þá kröfu, „að dæmt verði, að fullyrðing stöðunefndar í bréfi, sem hún reit heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu 9. desember 1976 í framhaldi af álitsgerð sinni, um, að Þórður Harðarson sé sérfræðingur í lyflækningum, sé röng.“

Stefndu hafa í fyrsta lagi krafist sýknu á þessum lið með þeirri röksemd, að stefnandi sé ekki réttur aðili til þess að gera þessa kröfu.

Dómurinn getur ekki fallist á þessa sýknuástæðu stefndu og vísar í því efni til rökstuðnings síns varðandi 1. kröfulið hér að framan.

Í annan stað byggja stefndu sýknukröfu sína gegn þessari dómkröfu á því, að í reglugerð nr. 39 frá 19. mars 1970 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa, sem sett hafi verið öðrum þræði með stoð í 5. gr. læknalaga nr. 80 frá 1969 og eigi hafi verið borið bríður á, sé í 4. gr. kveðið á um sérfræðiviðurkenningar í 15 þar tilgreindum sérgreinum.

Í 4. gr. nefndrar reglugerðar, X. lið, sé að finna ákvæði um lyflækningar. Samkvæmt ofangreindu ákvæði megi veita sérfræðileyfi í lyflækningum á eftirfarandi hátt: Í fyrsta lagi í almennum lyflækningum og í öðru lagi í hliðargreinum lyflæknisfræði, svo sem í hjartalækningum, svo raunhæft dæmi sé tekið. Þórður Harðarson sé því viðurkenndur sérfræðingur í lyflækningum, þ. e. a. s. hjartalækningum, en þær falli undir hugtakið lyflækningar, sbr. framanritað.

Með vísan til röksemda um þetta efni undir öðrum kröfuflið hér að framan svo og með skírskotun til hinna tilvitnuðu röksemda stefndu, sem eru efnislega hinar sömu, verður þessi þriðji kröfufliður stefnanda heldur eigi tekinn til greina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að stefndu eiga að vera sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dóms orð:

Stefndu, stöðunefnd samkvæmt 33. gr., 1. mgr., laga nr. 56 27. apríl 1973 um heilbrigðismál (nú lög nr. 57/1978), þeir Ólafur Ólafsson, Guðmundur Jóhannesson og Þorvaldur Veigar Guðmundsson, og heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra f. h. heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnandans, Birgis Guðjónssonar, í máli þessu.

Hver aðili skal bera sinn kostnað af þessu máli.